

Dómur

Þriðjudaginn 22. september 1998.

Nr. 297/1998.

Samkeppnisráð

(Karl Axelsson hrl.)

gegn

Myllunni-Brauði hf.

(Ævar Guðmundsson hdl.)

Mjólkursamsölunni í Reykjavík og

(Þórunn Guðmundsdóttir hrl.)

áfrýjunarnefnd samkeppnismála

(Brynjar Nielsson hrl.)

Kærumál. Stjórnvöld. Samkeppni. Aðild. Frávísunarúrskurður staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 16. júlí 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 20. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 3. júlí 1998, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðilum var vísað frá dómi. Kæruheimild er í j. lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Hann krefst jafnframt málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilarnir Myllan-Brauð hf. og Mjólkursamsalan í Reykjavík krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar. Varnaraðilinn áfrýjunarnefnd samkeppnismála krefst þess að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Í úrskurði héraðsdóms er greint frá ákvörðun sóknaraðila 20. febrúar 1998 um að ógilda kaupsamning varnaraðilanna Myllunnar-Brauðs hf. og Mjólkursamsölnnar í Reykjavík frá 19. desember 1997. Þeirri ákvörðun sóknaraðila var hrundið með úrskurði æðra stjórnvalds, áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Til grundvallar þeirri niðurstöðu var lagt að sóknaraðili hafi ekki gætt lögmæltis frests til að hafa afskipti af lögskiptum nefndra varnaraðila með þeim hætti, sem hann gerði. Gátu þá aðrar ástæður, sem fram var teflt til stuðnings lögmæti íhlutunar sóknaraðila, engu skipt um úrslit málsins á kærustigi.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 má skjóta ákvörðunum sóknaraðila til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Úrskurðir hennar eru endanlegir innan stjórnslunnar og verða ekki bornir undir enn æðra stjórnvald. Aðili getur hins vegar höfðað mál fyrir dómstólum samkvæmt 56. gr. laganna til að fá úrskurð nefndarinnar felldan úr gildi. Hvorki í lögnum sjálfum né í lögskýringargögnum með þeim er að finna nánari skýringu á því hver geti verið aðili að slíkri málshöfðun fyrir dómstólum.

Í máli þessu liggur fyrir gagnstæð niðurstaða tveggja stjórnvalda á vegum ríkisins, sem bæði starfa að samkeppnismálum á lægra og æðra stigi. Samkvæmt meginreglu stjórnsluréttar er úrlausn æðra stjórnvalds um skýringu á lögum bindandi við þessar aðstæður fyrir lægra stjórnvald og myndi hið síðarnefnda ekki geta skotið henni til enn æðra stjórnvalds, jafnvel þótt slíki lagaheimild væri almennt til að dreifa. Í þeirri aðstöðu ber lægra settu stjórnvaldi að hlíta

niðurstöðu æðra stjórnvalds, sem endurskoðað hefur ákvörðun hins lægra setta á grundvelli kæru frá aðila, sem á lögvarinna hagsmuna að gæta. Getur hið lægra setta stjórnvald því aðeins hlutast til um að fá úrskurðinum hnekkð að fyrir hendi sé ótvíræð lagaheimild fyrir það til að skjóta deiluefninu til dómstóla. Verður ekki fallist á að slík heimild felist í 56. gr. laga nr. 8/1993 og af hálfu sóknaraðila hefur ekki verið bent á önnur lagaákvæði, sem geti falið í sér þá heimild. Að þessu virtu verður niðurstaða úrskurðar héraðsdóms staðfest um annað en málskostnað.

Sóknaraðila verður gert að greiða málskostnað í héraði og kærúmálskostnað, sem ákveðinn er í einu lagi eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Úrskurður héraðsdóms er staðfestur um annað en málskostnað.

Sóknaraðili, Samkeppnisráð, greiði hvorum varnaraðila, Myllunni-Brauði hf. og Mjólkursamsölunni í Reykjavík, samtals 150.000 krónur í málskostnað í héraði og kærúmálskostnað.